

- Ferðamaður
- Tollfrelsi

Úrskurður nr. 5/2003.

Kærður er úrskurður tollstjóra um tollmeðferð á geislaspilara sem erlendur ferðamaður hafði með sér við komuna til landsins. Þess er krafist að ferðamaðurinn fái tollmeðferð eins og hann væri búsettur hér á landi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.

Tollalög nr. 55/1987 23 gr., 24 gr., 99. gr., 101.gr. Lög um útlendinga nr. 96/2002. Lög um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965 6. gr. Lög um birtingu stjórnvaldsaðgerða nr. 64/1943. Lög um lögheimili nr. 21/1990 1. og 2. gr. Reglugerð 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins 4. mgr. 2. gr. Reglugerð nr.13/2002. Reglugerð um útlendinga nr. 53/2003

Með bréfi, dags. 30. maí 2003, er barst nefndinni s.d. kærir Í. fyrir hönd D. sem er breskur ríkisborgari, úrskurð tollstjóra sem uppkveðinn var þann 7. maí 2003. Í máli þessu er ágreiningur um tollmeðferð á geislaspilara sem innflytjandinn D. framvísaði við tollyfirvöld við komu til landsins. Tollstjóri telur að innflytjandi sé erlendur ferðamaður þar sem hann hefur ekki dvalarleyfi hér á landi og gerði honum að greiða gjöld samkvæmt 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins. Kærandi heldur því fram að D. hafa haft búsetu hér á landi og því beri honum tollmeðferð samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000.

Í kærugögnum segir m.a. að D. hafi verið búsettur hér á landi frá ágúst 2002. Kærandi segir að hvergi komi fram í lögum skilgreining á búsetu og telur að búseta hljóti að teljast vera þar sem viðkomandi hafi búsetu þótt hann eigi þar ekki lögheimili. Kærandi segist hafa leitað eftir því hvort skilgreining á hugtakinu búsetu sé það sama og lögheimili en ekki fengið. Þá segir að D. sé ríkisborgari á EES svæðinu og því heimilt að koma eins oft til landsins og hann kys án þess að hafa dvalarleyfi. Kærandi segist hafa kannað hvort nauðsyn væri á að hann hefði dvalarleyfi en hafa verið upplýst um að svo væri ekki þar sem viðkomandi dveldist ekki lengur en þrjá mánuði hér á landi í hvert sinn. Með kærugögnum fylgja staðfestingar frá flugfélaginu Atlanta um að D. hafi sinnt ýmsum verkefnum fyrir flugfélagið á síðustu fimm árum. Þá er staðfesting frá skiltagerðinni Á og umsjónarmanni húsfélagsins þar sem D. býr þar sem segir að skiltagerðin hafi útbúið skilti með nafni kæranda og D. og það sett upp í húsinu í september 2002.

Þá bendir kærandi á að í úrskurði sínum vísi tollstjóri til laga um útlendinga nr. 96/2002 er gildi tóku 1. janúar á þessu ári. Þau lög voru þar af leiðandi ekki í gildi þegar hinn tiltekni atburður átti sér stað þann 30. október 2002. Kærandi vísar í lög um birtingu laga og stjórnvaldsaðgerða nr. 64/1943, skv. þeim má ekki beita lögum um atburði fyrir þann tíma er þau tóku gildi. Þykir kæranda ámælisvert að ríkisstarfsmaður vísi á slíkan hátt í lög sem augljóslega voru ekki í gildi.

Að lokum segir að þegar hinn tiltekni atburður átti sér stað hafi hvergi verið að finna í lögum skilgreiningu á búsetu og er það mat kæranda og D. að hann hafi átt að fá tollmeðferð í samræmi við aðila búsetta hérlendis.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir nefndur D. „sem er breskur ríkisborgari, hafa komið til landsins með flugi þann 30. 10. 2002. Hann hafi framvísað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hjá tollgæslu geislaspilara að verðmætri 249,04 bresk pund til tollskoðunar. Tollgengi í október 2002 var kr. 136.04/GBP þannig að tollverðmætið var kr. 34.003,-. Síðan segir tollstjóri að ekkert hafi komið fram því til staðfestingar að D. hafi verið skráður með búsetu hér á landi þegar umrætt atvik átti sér stað og hafði hann því réttarstöðu sem ferðamaður búsettur erlendis. Honum var því eingöngu heimilt að taka með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda varning sem taldist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, sbr. reglugerð nr. 13/2002. Hann naut því ekki þeirrar heimildar sem ferðamaður búsettur hérlendis að hafa með sér einstakan hlut að fjárhæð kr. 23.000,- sbr. 1. mgr. 2. gr. tilvitnaðrar reglugerðar, þannig að í þessu tilviki hafði mátt draga þá upphæð frá kr. 34.003,- og greiða aðflutningsgjöld af mismuninum.

Embættið telur því að gjaldstofninn hafi átt að vera kr. 34.003,- og hefði D. átt að greiða aðflutningsgjöld af þeirri fjárhæð. Tollvörður sá sem annaðist afgreiðslu málsins ákvarðaði gjaldstofninn kr. 28.000,- og greiddi kærandi aðflutningsgjöld skv. því. Embættið hefur ekki fengið viðunandi skýringar hjá viðkomandi tollverði á því hvernig sá gjaldstofn var fundinn, en telur að þar hafi mistök átt sér stað eða einhvers konar sanngirnissjónarmið ráðið þeirri ákvörðun. Embættið hefur ekki farið fram á greiðslu mismunarins, þar sem þarna var um hraðafgreiðslu fyrir ferðamenn að ræða og því ekki gerðar eins strangar formkröfur og ef lögð væri fram aðflutningsskýrsla við hefðbundna tollafgreiðslu, sbr. 23. og 24. gr. tollalaga.

Þá segir að fram komi í bréfi kæranda dags. 8. nóvember 2002 að D. hafi ekki verið kynntur réttur sinn, en skv. bréfi hans sjálfs sem fylgdi með tilvitnuðu bréfi og skv. upplýsingum tollvarða sem afskipti höfðu af málinu telur embættið að hann hafi fengið allar almennar upplýsingar um tollflokkun og ákvörðun tollverðs. Jafnframt var honum tjáð að honum væri heimilt að skilja vöruna eftir hjá tollgæslunni og taka hana með sér af landi brott ef hann væri ekki sáttur við að greiða aðflutningsgjöldin. Þessu hafi D. ekki tekið og greiddi aðflutningsgjöldin kr. 18.698,-.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að kærandi hefur gert í bréfi sínu dags. 20. desember 2002 að ásteytingarsteini skilgreiningu embættisins á hugtakinu búsetu og fullyrðir að hvergi komi fram í lögum skilgreining á því hugtaki. Einnig vitnaði kærandi til upplýsinga frá framkvæmdastjóra Útlendingastofnunar um að D. sé heimilt að koma til landsins eins oft og hann kýs án dvalarleyfis enda dvelji hann skemur en 3 mánuði hvert sinn. Það sé í samræmi við 6. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 45/1965, sbr. lög nr. 133/1993.

Í tilvitnaðri 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000 sé gerður greinarmunur á ferðamönnum búsettum hér á landi og erlendis og fór tollafgreiðslan fram í samræmi við það. Rétt sé að taka fram að borgarar EES ríkja njóti engra sérstakra tollfríðinda hér á landi umfram aðra erlenda ferðamenn þar sem Ísland sé ekki í sérstöku tollabandalagi við EES. Almenna reglan um útlendinga er sú að þeir þurfa dvalarleyfi áður en þeir fá búsetuleyfi, en það veitir rétt til ótímabundinnar dvalar sbr. III kafla reglugerðar um eftirlit með útlendingum nr. 148/1965 og þá einkum 25. gr. sbr. reglugerð nr. 514/1989. Í nýjum lögum um útlendinga nr. 96/2002 sem tóku gildi 1. janúar á þessu ári er þessi almenna framkvæmdaregla lögfest en í 15. gr. laganna kemur fram að dvalarleyfi sé undanfari formlegrar búsetu. Ennfremur megi skírskota til VIII kafla reglugerðar nr. 53/2003, sem tók gildi þann 27. janúar s.l. en þar eru staðfestar þær reglur sem unnið var eftir við veitingu búsetuleyfis fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Tollstjóri telur að lokum að vottorð frá vinnuveitanda kæranda og staðfesting frá umsjónarmanni húsfélagsins um að D. sé búsettur þar skipti engu um úrslit þessa máls.

Tollstjóri telur með hliðsjón af framangreindu að ferðamaðurinn D. hafi ekki verið með lögformlega búsetu hér á landi og úrskurðar að honum hafi borið að greiða aðflutningsgjöld af geislaspilaranum kr.18.698,-.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 4. júní 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 20. júní 2003 segir m.a. að skv. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili, sé lögheimili manns sá staður þar sem hann hafi fasta búsetu. Þar sem D. á ekki lögheimili hér á landi, geti hann ekki talist hafa fasta búsetu hér á landi. Í 2. gr. sömu laga segir einnig að hver sá sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi í sex mánuði eða lengur skuli eiga lögheimili samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum nr. 21/1990.

Almenna reglan sé sú, að ætli útlendingar að dvelja hér lengur en í 3 mánuði, þurfi þeir að fá dvalarleyfi áður en þeir fá búsetuleyfi, en það veitir rétt til ótímabundinnar dvalar sbr. III. kafla reglugerðar nr. 148/1965, um eftirlit með útlendingum og þá einkum 25. gr. sbr. reglugerð nr. 514/1989. Með nýjum lögum nr. 96/2002 um útlendinga, sem tóku gildi þann 1. janúar 2003, var þessi almenna framkvæmdaregla lögfest, en þar segir í 15. gr. að dvalarleyfi sé undanfari formlegrar búsetu. Er D. hvorki með dvalarleyfi né búsetuleyfi hér á landi.

Tollstjóri telur að staðfesting frá vinnuveitanda og staðfesting húsfélagsins um að D. sé búsettur þar hafi ekki þýðingu í þessu máli. Samkvæmt þjóðskrá sé hann ekki búsettur að Reynimel 74, og þar sem þessar staðfestingar eru ekki lögformleg búsetuleyfi skipta þau að mati tollstjórans í Reykjavík engu um úrslit þessa máls.

Með hliðsjón af framansögðu er það því niðurstaða tollstjórans í Reykjavík að D. hafi ekki verið með lögformlega búsetu hér á landi, er hann kom til landsins þann 30. október 2002. Hafi hann því haft réttarstöðu sem ferðamaður búsettur erlendis og því borið að greiða aðflutningsgjöld af umræddum

geislaspilara, þar sem fyrir lá að geislaspilarinn yrði ekki fluttur úr landi við brottför eiganda skv. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000.

Greinargerð tollstjórans í Reykjavík var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 23. júní 2003. Í Svári sem barst nefndinni þann 3. júlí 2003 vísar hann til fyrra erindis til nefndarinnar, dags. 26. maí s.l., varðandi málið og þær ástæður er þar eru taldar fram til grundvallar áfrýjunar og einnig er vísað í fyrri erindi til tollstjóra. Kærandi ítrekar að hinn tiltekni atburður átti sér stað þann 30. október 2002, áður en lög um útlendinga nr. 96/2002 tóku gildi. Kærandi segir það hvergi koma fram í lögum að búseta sé hin sama og lögheimili fólks, enda geti það verið misjafnt eftir högum og því ber að meta hvert tilviki fyrir sig. Í tollalögum nr. 55/1987 komi hvergi fram að ferðamenn búsettir hér á landi, þurfi að hafa lögheimili hérlendis til að uppfylla skilyrði um heimildir til að hafa með sér varning til landsins upp að fjárhæð 23.000, enda geti aðilar sannarlega verið búsettir hérlendis þrátt fyrir að lögheimili sé annars staðar. Þá segir að fulltrúi tollstjóra bendi á í greinargerð sinni, að fyrir hafi legið að geislaspilarinn yrði ekki fluttur úr landi við brottför og því ætti 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000, ekki við. Í samtali við fulltrúa tollstjóra þann 30. október 2002 (þegar hinn tiltekni atburður átti sér stað) hafi verið ítrekað óskað eftir því að þetta ákvæði væri látið gilda enda myndi D. hafa með sér spilarann er hann færi næst af landi brott. Þessu var neitað af fulltrúanum.

Ríkistollanefnd hefur kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og haldið fundi um málið. Í máli þessu er um það deilt hvort D. hafi talist vera með búsetu hér á landi við komu hans til landsins þ. 30. október 2002. Í reglugerð 526/2002 er kveðið á um að ferðamönnum búsettum erlendis sé einungis heimilt að taka með sér til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda, varning sem telst hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðar og dvalartíma, sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 526/2000 um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, sbr. reglugerð nr. 13/2002. Hins vegar er ferðamönnum búsettum hér á landi, heimilt að hafa með sér við komu án greiðslu aðflutningsgjalda, einstakan hlut að fjárhæð kr. 23.000,00 skv. 1. mgr. 2. gr. tilvitnaðrar reglugerðar.

Þegar innflutningurinn átti sér stað giltu um dvöl útlendinga hér á landi lög nr. 45/1965. Í 3. mgr. 5. gr. þeirra laga segir: Öðrum útlendingum en greinir í 1. og 2. mgr. er heimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en þrjá mánuði á sex mánaða tímabili frá þeim degi þegar þeir komu fyrst til landsins eða ríkis sem tekur þátt í Schengensamstarfinu. Ennfremur segir í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 674/1995 um dvöl útlendinga, að útlendingi sem dvelur eða starfar hér á landi lengur en þrjá mánuði, er skylt að hafa dvalarleyfi. Ný lög um útlendinga nr. 96/2002 tóku gildi þann 1. janúar 2003. III. kafli þeirra laga fjallar um dvöl og búsetu. Í 8. og 9. gr. laganna er kveðið á um dvöl án dvalarleyfis og hverjir þurfi dvalarleyfi.

Efnislega eru ákvæði nýju laganna, hvað lýtur að kröfu um dvalarleyfi útlendinga sem dvelja hér á landi lengur en þrjá mánuði, samhljóða ákvæðum eldri laga. Við gildistöku laga nr. 96/2002 urðu því ekki breytingar á framkvæmd hvað varðar kröfu um dvalarleyfi til útlendinga sem dvelja hér á

landi lengur en þrjá mánuði, hvorki til útlendinga almennt né til útlendinga sem falla undir samninginn um evrópska efnahagssvæðið.

Ríkistollanefnd leitaði til Útlendingastofnunar og óskaði eftir því við embættið að það upplýsti hvort D. hafi fengið dvalarleyfi hér á landi. Í svari sem nefndinni barst segir að Útlendingastofnun líti svo á að útlendingur sé búsettur hér á landi þegar hann hefur fengið útgefið dvalarleyfi og hann hefur verið tekinn á einstaklingsskrá hjá Hagstofu Íslands, en skilyrði þess að útlendingar, aðrir en norrænir ríkisborgarar, séu teknir á einstaklingskrá er að útlendingurinn hafi fengið útgefið dvalarleyfi frá Útlendingastofnun. Í svari Útlendingastofnunar segi að hvorki verði séð að D. hafi fengið dvalarleyfi hér á landi né að hann hafi sótt um slíkt leyfi. Þá er hann ekki skráður sem slíkur hjá Hagstofu Íslands.

Nefndarmenn eru sammála um að það sé aðeins á færi til þess bærri yfirvalda að ákvarða hverjir hafi búsetu hér á landi og hverjir ekki, og að slík ákvörðun þurfi að styðjast við gildandi lög og reglugerðir. Ekki dugi til vottorð atvinnuveitanda eða yfirlýsingar húsfélags um búsetu viðkomandi þó vissulega sé ekki dregið í efa að viðkomandi hafi aðsetur á landinu. Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 99. gr., og 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum að hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 7. maí 2003 skuli staðfestur.